

Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir Elín Hallgrímsdóttir, sem býr hér. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógæti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, húseigninni nr. 11 við Brautarland.

Fallið var frá virðingu.

Fógæti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mættu að skýra gerðarþola frá fjárnáminu.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Þriðjudaginn 17. október 1972.

**Nr. 120/1972. Ólína Hólmfríður Kristinsdóttir
gegn
Thorberg Thorbergssyni.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Synjað um málskostnaðartryggingu.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Ólafur St. Sigurðsson, héraðsdómari í Kópavogi.

Með kæru 16. september 1972, sem barst Hæstarétti 25. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að varnaraðilja verði gert að setja tryggingu, kr. 80.000.00, fyrir greiðslu málskostnaðar í héraði, en ella verði málinu vísað frá héraðsdómi.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar að niðurstöðu til og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Sóknaraðili og varnaraðili eru foreldrar Kristins Eiríks Þorbergssonar, er lézt af slysförum 25. marz 1971. Málsaðilja greinir á um það, hvort slysatryggingabætur frá Bataábyrgð-

arfélagi Vestmannaeyja, er fengnar hafa verið skiptaráðand-
anum í Kópavogi, skuli renna til dánarbúsins til skipta meðal
erfingja.

Er fjallað um mál þetta í skiptadómi Kópavogs. Foreldr-
arnir eru skilin lögskilnaði, og dvelst varnaraðili í Kanada. Sónnaraðili reisir kröfu sína um tryggingu fyrir málskostnaði
á 183. gr. laga nr. 85/1936. Varnaraðili ber fyrir sig, að
ákvæði 183. gr. veiti varnaraðilja máls í héraði rétt á að
krefjast tryggingar fyrir málskostnaði, en mæli ekki um
slíkan rétt sóknaraðilja. Ákvæði 183. gr. laga nr. 85/1936 eru
ekki meðal þeirra ákvæða, sem til er vísað í 223. gr. sömu
laga og eiga beinlínis við um meðferð mála fyrir skiptadómi.
Lagarök þykja ekki leiða til þess, að 183. gr. verði beitt fyrir
lögjöfnun, eins og hér stendur á. Með þessari athugasemd
þykir bera að staðfesta hinn kærða úrskurð, en eftir atvikum
þykir kærúmálskostnaður eiga að falla niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærúmálskstnaður fellur niður.

Úrskurður skiptadóms Kópavogs 11. september 1972.

Mál þetta ber að sem hér segir:

Hinn 25. marz 1971 lézt af slysförum við vinnu sína um borð
í vélbátnum Sjöstjörnunni, VE 92, Kristinn Eiríkur Þorbergsson,
Álfhólsvegi 143 í Kópavogi. Þegar slysið skeði, var verið að skipa
upp afla úr bátnum í Vestmannaeyjahöfn, en Kristinn heitinn
var lögskráður 2. vélstjóri bátsins.

Kristinn Eiríkur Þorbergsson var fæddur í Kanada 24. júní 1952,
sonur hjónanna Ólínu Hólmfríðar Kristinsdóttur, sem nú býr að
Álfhólsvegi 143, Kópavogi, og Thorbergs Thorbergssonar, nú til
heimilis í New Westminster, British Columbia í Kanada. Þau
hjón slitu samvistir árið 1955, og fluttist Ólína þá til Íslands með
drenginn, þar sem hún hefur búið síðan, en Thorberg varð eftir
áfram í Kanada og býr þar nú, eins og að ofan greinir. Hinn 30.
ágúst 1958 gaf dómsmálaráðherra út leyfisbréf til lögskilnaðar
milli þeirra hjóna, Ólínu og Thorbergs, samkvæmt ósk Ólínu, og
var þar ákveðið, að hún skyldi hafa forræði barns þeirra, Kristins

Eiríks, sem hún hafði haft hjá sér, frá því þau fluttu frá Kanada. Ólína giftist síðar Magnúsi Árnasyni matsveini, og bjó Kristinn heitinn æ síðan á heimili þeirra, nú síðast að Álfhólsvegi 143 í Kópavogi.

Með bréfi, dags. 21. maí 1971, sendi Bataábyrgðarfélag Vestmannaeyja skiptaráðandanum í Kópavogi tékka að upphæð kr. 600.000.00. Var þar um að ræða greiðslu tryggingabóta vegna dauða Kristins heitins samkvæmt samningi Sjómannasambands Íslands f. h. íslenzkra sjómanna og samtaka útgerðarmanna.

Innköllun var gefin út 8. júní 1971, þar sem skorað var á alla þá, er teldu til arfs eða skulda í dánarbúinu, að lýsa kröfum sínum fyrir skiptaráðanda innan fjögurra mánaða frá síðustu birtingu.

Að loknum innköllunarfresti var haldinn skiptafundur í búinu 23. nóvember 1971. Fundinn sótti sóknaraðili, Ólína Hólmfríður Kristinsdóttir, og með henni lögmaður hennar, Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður. Hafði Ólína ein gert kröfu til arfs. Aðrar kröfur höfðu ekki verið gerðar utan krafa vegna þinggjalda ársins 1971 að upphæð kr. 8.021.00. Var þar staðfest, að í búinu væru engar eignir utan fyrrnefndar dánarbætur frá Bataábyrgðarfélagi Vestmannaeyja svo og krafa á Tryggingastofnun ríkisins vegna lögboðinna dánarbóta, og var ákveðið, að lögmaður sóknaraðilja tæki að sér að koma þeirri kröfu fram. Þá upplýsti sóknaraðili, að faðir Kristins heitins, Thorberg Thorbergsson, væri á lífi og búsettur einhvers staðar í Vesturheimi.

Með bréfi Harðar Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, dags. 10. febrúar 1972, er þess farið á leit við skiptaráðanda, að sóknaraðilja verði greiddar út dánarbæturnar frá bataábyrgðarfélaginu, þar sem enginn annar en hún hafi gert arfstilkall og innköllunarfrestur liðinn. Þá segir enn fremur svo í bréfi þessu:

„Drengurinn á föður á lífi vestur í Ameríku eða Canada. Hefur heyrzt, að hann muni gera kröfu til hlutdeildar í umræddum dánarbótum, en svo fremi að af því verði, mun þeirri kröfu mótmælt, auk þess sem til skuldajafnaðar yrði gerð krafa um greiðslu föðursins á meðlagi með drengnum til fullnaðs 16 ára aldurs og til greiðslu lífeyris með konunni, en faðirinn hefur aldrei innt af hendi neinar greiðslur. Enn fremur mun þess krafizt, ef maðurinn hugsar sér að deila um þetta hér fyrir dómi, að hann leggi fram fulla peningatryggingu fyrir málskostnaði í því máli, ef hann skyldi tapa því. Hjónin munu hafa gift sig 21. apríl 1951, en slitið samvistir 22. marz 1955. Lögskilnaðarleyfi var gefið út hér að manningum fjarverandi“.

Með bréfi, dags. 16. febrúar 1972, til skiptaráðanda gerði Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður erfðatilkall í dánarbúið f. h. Thorbergs Thorbergssonar, varnaraðilja í máli þessu. Skiptaráðandi hafði þá rétt áður skrifað varnaraðilja og gert honum grein fyrir gangi málsins og fyrirhugaðri kröfugerð af hálfu sóknaraðilja, gerði hann tilkall til arfs úr búinu.

Á skiptafundi í búinu hinn 23. marz 1972 mótmælti sóknaraðili erfðatilkalli varnaraðilja sem of seint fram komnu. Jafnframt lýsti hann þeirri skoðun sinni, að í búinu væri ekki um neinn arf að ræða til skipta, þar sem dánarbætur væru. Var ákveðið að stofna til sérstaks skiptamáls um ágreininginn, en af hálfu sóknaraðilja var gerður áskilnaður þess efnis að koma á síðara stigi málsins fram kröfu um framfærslueyri vegna Kristins Eiríks heitins og lífeyris til sóknaraðilja af hugsanlegum arfshluta varnaraðilja.

Sóknaraðili lagði fram greinargerð af sinni hálfu í þinghaldi 21. apríl 1972. Hann gerir þær kröfur, að sér verði greiddar þær dánarbætur, sem í málinu greinir, alls kr. 753.480.00, þ. e. samningsbætur kr. 600.000.00 og bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 153.480.00, svo og málskostnaður úr hendi varnaraðilja samkvæmt taxta L. M. F. Í. miðað við þann helming þeirrar fjárhæðar, sem um sé deilt, þ. e. a. s. kr. 66.511.00, sbr. framlagðan málskostnaðarreikning, auk alls annars kostnaðar af þessu deiluefni sérstaklega.

Þá krefst sóknaraðili þess og, að varnaraðili skili jafnframt greinargerð af sinni hálfu málskostnaðartryggingu að fjárhæð kr. 80.000.00 í peningum eða í bankatryggingu, en að kröfum hans verði ella vísað frá dóminum.

Greinargerð af hálfu varnaraðilja var lögð fram í þinghaldi 27. apríl s.l. Hann gerir þær kröfur, að helmingur eigna dánarbúsins verði lagður sér út sem arfur. Hann krefst málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Varðandi kröfu sóknaraðilja um málskostnaðartryggingu af sinni hendi krefst varnaraðili þess, að henni verði synjað.

Skiptaráðandi leitaði sátta með aðiljum, bæði að því er varðaði kröfu sóknaraðilja um málskostnaðartryggingu svo og um efnishlið málsins. Sættir tókust eigi, og krafðist varnaraðili, að úrskurður gengi um kröfu gagnaðilja um málskostnaðartryggingu.

Var ákveðið að fram færi málflutningur um síðastgreinda atriðið, áður en málið yrði frekar flutt að efni til. Fór munnlegur

málflutningur fram 5. þ. m., og var þá atriði þetta tekið til úrskurðar.

Í þessum þætti málsins gerir sóknaraðili þær kröfur, eins og að ofan er lýst, að varnaraðilja verði gert að setja málskostnaðartryggingu að fjárhæð kr. 80.000.00 í peningum eða með banka-tryggingu, ella sæta því, að máli hans verði vísað frá dóminum.

Varnaraðili krefst þess, að þessari kröfu sóknaraðilja verði synjað.

Sóknaraðili vísar til ákvæða í 1. mgr. 183. gr. laga nr. 85/1936 til rökstuðnings kröfu sinni. Hann kveður, að eigi skipti máli, þótt gagnaðili sinn teljist vera varnaraðili málsins. Jafntorvelt sé að innheimta málskostnað dæmdan á hendur erlendis búsettum manni, hvort sem sá maður sé varnaraðili eða sóknaraðili.

Varnaraðili gerir þá grein fyrir kröfu sinni, að hann hafi ekkert mál höfðað fyrir íslenskum dómi. Hafi hann aðeins gert erfðatilkall samkvæmt íslenskum erfðalögum, en vegna slíkra aðgerða þurfi ekki að setja neina tryggingu. Í þessu máli sé aðstaðan hins vegar sú, að gagnaðili sinn sé sóknaraðilinn, en hann sjálfur varnaraðilinn. Þess hafi aldrei verið krafizt í íslenskum rétti, að þeir menn, sem sóttir séu fyrir íslenskum dómstólum, þyrftu að setja málskostnaðartryggingu til þess að mega halda uppi vörnum í máli sínu.

Álit réttarins.

Ákvæði það í 1. mgr. 183. gr. laga nr. 85/1936, sem sóknaraðili byggir á kröfugerð sína í þessum þætti málsins, hljóðar svo:

„Nú höfðar maður erlendis búsettur mál fyrir íslenskum dómi, og getur þá stefndur gert þá kröfu á þingfestingardeg, að stefnandi setji þá tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar innan ákveðins tíma, sem dómari tiltekur. Ef hann gerir það ekki, skal vísa máli frá dómi“.

Lagaregla þessi, nýmæli í sinni tíð, er undantekningarákvæði, sem ber að skýra þröngt.

Thorberg Thorbergsson hefur gert erfðatilkall eftir látinn son sinn og krefst helmings þeirra fjármuna, sem til dánarbúsins hafa fallið, í sinn hlut á móti móðurinni, sem mótmælt hefur þeirri kröfu á þeim forsendum, að fjármunir þessir verði ekki taldir vera arfsandlag og því fari ekki um skipti á þeim eftir erfðalögum, heldur beri að leita heimilda um ráðstöfun þeirra til samnings Sjómannasambands Íslands og samtaka útvegsmanna og til laganna um almannatryggingar.

Eigi er það ætíð einsýnt í málum fyrir skiptarétti, hvorn aðilja eigi að telja sóknaraðilja og hvorn varnaraðilja. Eins og mál þetta ber að og rakið hefur verið hér að framan, sýnist vera eðlilegt að telja Ólínu Hólmfríði Kristinsdóttur vera sóknaraðilja málsins. Erfðatilkalli Thorbergs Thorbergssonar verður með engu móti jafnað til málshöfðunar.

Að þessu athuguðu verður eigi talið, að ákvæði 183. gr. laga nr. 85/1936 geti átt við hér, eins og atvikum er háttað, þar sem það er sóknaraðili máls, sem gerir kröfuna á hendur varnaraðiljanum.

Samkvæmt þessu verður kröfu sóknaraðilja um málskostnaðartryggingu af hálfu varnaraðilja synjað.

Eigi hefur verið krafizt málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Ályktunarorð:

Kröfu sóknaraðilja, Ólínu Hólmfríðar Kristinsdóttur, um, að varnaraðili, Thorberg Thorbergsson, setji málskostnaðartryggingu, er synjað.

Föstudaginn 20. október 1972.

Nr. 161/1971. Magnús Leópoldsson

(Jóhann Steinason hrl.)

gegn

Bjarna Th. Mathiesen

(Jóhann Ragnarsson hrl.)

og Bjarni Th. Mathiesen

gegn

Magnúsi Leópoldssyni

og Hrafni Bachmann

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Heimvísun.